



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Þóra og Ashkenazy

1. október 2015





MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru sendir út beint í Sjónvarpi Símans og eru aðgengilegir notendum þess í Tímaflakkinu í einn sólarhring.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og verða aðgengilegir í Sarpinum í tvær vikur.

Af óviðráðanlegum orsökum breyttust áform Vladimirs Ashkenazy svo að ekki reyndist unnt að flytja símfóníu nr. 6 eftir Nielsen á þessum tónleikum. Í staðinn verður ein af símfóníum hans leikin á næsta starfsári hljómsveitarinnar.

Hlé er u.þ.b. 20 mínútur.

Áætluð tímalengd verka:

Símfónía nr. 2: 40'

Luonnotar: 10'

Símfónía nr. 5: 30'

Mynd á kápu: Jósef Ognibene, horn, Katie Buckley, harpa.

© Ari Magg

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA



@icelandsymphony

#sinfó

www.sinfonia.is

Póra og Ashkenazy

Tónleikar í Eldborg 1. október 2015 » 19:30

Vladimír Ashkenazy hljómsveitarstjóri

Póra Einarsdóttir einsöngvari

Johannes Brahms

Sinfónía nr. 2 í D-dúr op. 73 (1877)

Allegro non troppo

Adagio non troppo

Allegretto grazioso (quasi andantino)

Allegro con spirito

Hlé

Jean Sibelius

Luonnotar op. 70 (1913)

Jean Sibelius

Sinfónía nr. 5 í Es-dúr op. 82 (1915/1919)

Tempo molto moderato – Allegro moderato

Andante mosso, quasi allegretto

Allegro molto – Largamente assai

Vladimir Ashkenazy

hljómsveitarstjóri



Vladimir Ashkenazy er óumdeilanlega frægastur íslenskra ríkisborgara í klassíska tónlistarheiminum. Í riflega hálföld hefur hann verið í hópi fremstu hljóðfæraleikara, eða allt frá því að hann komst á verðlaunapall í þremur virtustu tónlistarkeppnum heims. Hann hlaut önnur verðlaun í Chopin keppninni í Varsjá árið 1955 og fyrstu verðlaun bæði í Queen Elisabeth-keppninni í Brussel 1956 og Tsjajkovskj-keppninni í Moskvu 1962.

Ashkenazy á að baki glæsilegan feril í hljóðverinu. Hann hefur hljóðritað flest höfuðverk píanóbókmenntanna og hefur hlotið sex Grammy-verðlaun, meðal annars sem besti einleikari með hljómsveit (píanókonsertar Beethovens með Georg Solti, 1974), fyrir bestu kammerhljóðritun (fiðlusónötur Beethovens með Itzhak Perlman, 1979), og besta einleiksdisk (prelúdíur og fúgur Shostakovitsj, 2000).

Ashkenazy steig sín fyrstu skref sem hljómsveitarstjóri með Sinfóníuhljómsveit Íslands árið 1972. Hann hefur verið aðalstjórnandi hjá virtum hljómsveitum á borð við Konunglegu filharmóníusveitina í London, Tékknesku filharmóníusveitina og Sinfóníuhljómsveitina í Sidney í Ástralíu. Auk þess hefur hann starfað sem geststjórnandi með flestum frægustu hljómsveitum heims.

Árið 2002 var Ashkenazy gerður að heiðursstjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hann hefur síðan snúið aftur á hverju starfsári og stjórnað meistaraverkum tónbókmenntanna, meðal annars *Draumí Gerontiusar* eftir Elgar, *Stríðssálumessu* Brittens, 9. sífóníu Mahlers og *Missa solemnis* eftir Beethoven. Ashkenazy hefur undanfarin ár stjórnað 1. og 3. sífóníu Brahms með SÍ og er áformað að hann loki hringnum með fjórðu sífóníunni á næsta ári.

Þóra Einarsdóttir

einsöngvari



Þóra Einarsdóttir sópransöngkona stundaði söngnám við Söngskólann í Reykjavík hjá Ólöfu Kolbrúnu Harðardóttur og framhaldsnám við Guildhall School of Music and Drama hjá Lauru Sarti. Þóra þreytti frumraun sína við Glyndebourne Festival Opera aðeins 23 ára gömul. Hún vakti snemma athygli fyrir vandaðan söng og heillandi framkomu. Hún steig fyrst á svið Íslensku óperunnar 18 ára gömul í einsöngshlutverkum í *Rigoletto* og í *Töfraflautunni* og kom fram sem einsöngvari á Vínartónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands árið 1995 á meðan hún var enn í námi.

Þóra hefur sungið óperuhlutverk, á sinfóníutónleikum, í kirkjulegum verkum og á ljóðatónleikum víða um heim. Hún var fastráðin við óperuhúsið í Wiesbaden í Þýskalandi um sjö ára skeið og hefur sungið við fjölmörg óperhús um gjörvalla Evrópu.

Þóra kemur reglulega fram á tónleikum á Íslandi og erlendis, m.a hefur hún sungið í Royal Albert Hall, Konzerthaus Berlin, og Carnegie Hall í New York. Meðal hljómsveita sem hún hefur sungið með eru Orchestre de la Suisse Romande, Bach Collegium München, RSO Berlin og hljómsveitin Fílharmónía. Meðal fjölda hljómsveitarstjóra sem Þóra hefur unnið með eru Sir Neville Marriner, Osmo Vänskä og Lothar Zagrosek.

Á ferli sínum hefur Þóra hlotið margvíslegar viðurkenningar fyrir söng og framlag sitt til tónlistar m.a. Dannebrog-orðuna og hina íslensku fálkaorðu. Meðal hlutverka Þóru við Íslensku óperuna hin síðustu ár má nefna Adínu í *Ástardrykknum*, Gildu í *Rigoletto*, Pamínu í *Töfraflautunni*, Mimi í *La bohème* og Mikaelu í *Carmen*. Þá er eftirminnileg túlkun hennar á Ragnheiði í samnefndri óperu Gunnars Þórðarsonar enn í fersku minni. Þóra söng sópranhlutverkið í verki Sibelíusar, *Kullervo*, með Sinfóníuhljómsveit Íslands í janúar á þessu ári.

Johannes Brahms

Sinfónía nr. 2



Johannes Brahms (1833–1897) dvaldist í þorpinu Pörschach við Wörthersee í sunnanverðu Austurríki sumarið 1877 og þar varð sinfónía nr. 2 til. „Hér eru svo margar laglínur flögrandi um að maður verður að vara sig á því að stíga ekki á þær,“ skrifaði hann skömmu eftir komuna. Læknirinn Theodor Billroth var náinn vinur Brahms og einn sá fyrsti til að sjá nóturnar að sinfóníunni. Hann lýsti henni svo: „Ekkert nema blár himinn, lækjarniður, sólskin og græn forsæla!“

Þessi lýsing á prýðilega við upphaf verksins þar sem ljúf sveitasæla ríkir. Ekki líður þó á löngu þar til friðsæl stemningin gufar upp. Fiðluhending svífur niður í djúpin, óræður pákusláttur tekur við og síðan leika básúnur og túba drungalega hljóma. Brahms er ekki lengi að ýta skýjabökkunum frá, en páku- og básúnutaktarnir eru áminning um að margt getur gerst undir ljúfu og kyrrlátu yfirborði.

Hægi þáttur sinfóníunnar er dökkur og íbygginn, en þriðji kafli er ljúfur austurrískur sveitadans. Hvað formið snertir er hann eins konar „skjönnun“. Oftast er þriðji kafli sinfóníu þrískiptur: hraður scherzó-kafli fyrst og síðast en afslappað „trío“ um miðbikið. Hér snýr Brahms öllu við svo útkoman er eiginlega *trío* – *scherzó* – *trío*, með rólegum ytri þáttum en glannalegri miðju.

Brahms merkir upphafsstef lokakafans „sotto voce“ eða í hálfum hljóðum. Tónlistin kraumar af orku og glaðværð en einstaka sinnum dettur allt í dúnalogn, til dæmis í merkilegum *pianissimo*-kafla skömmu fyrir ítrekunina. Einmitt þessir taktar hljóta að hafa ómað í hugskoti Gustavs Mahler þegar hann samdi upphafið að fyrstu sinfóníu sinni. Sinfóníu Brahms lýkur með svellandi fögnuði; hann bætir við básúnum á endasprettinum og eykur þannig á fyllingu hljómsins. Á lokasiðunum hlaðast tónstigarnir upp hver ofan á annan þar til vart verður lengra komist í gleðivímu sveitasælunnar sem lagt var upp með í byrjun.

Tónlistin á Íslandi

Þetta er í níjtjándá sinn sem *Sí* flytur sinfóníu nr. 2 eftir Brahms. Róbert A. Ottósson stjórnaði henni í Þjóðleikhúsinu 1951, Olav Kjelland á sama stað tveimur árum síðar, og síðast flutti *Sí* hana í Háskólabíói haustið 2009 undir stjórn Eivinds Aadland.



Jean Sibelius

Luonnotar

Jean Sibelius (1865–1957) sótti alla tíð innblástur í finnska náttúru og þjóðararf, ekki síst í finnsku sagnakvæðin *Kalevala* sem læknirinn Elias Lönnrot hafði safnað úr munnlegri geymd og gefið út á árunum um 1830–40. Viðamesta verk Sibeliusar sem byggt er á *Kalevala*-kvæðunum er kórsinfónían *Kullervo*, sem Sinfóníuhljómsveit Íslands flutti fyrr á þessu ári í tilefni þess að 150 ár eru nú liðin frá fæðingu tónskáldsins. Sibelius hélt áfram að sækja í þennan arf og hafði eitt sinn í hyggju að semja óperu um aðra söguhetju *Kalevala*, töframanninn Väinämöinen sem reynir að vinna ástir dóttur mánans. Óperan varð aldrei nema hugmynd, en af verkum sem komust á blað má nefna hljómsveitarsvítuna *Lemminkainen*, og *Luonnotar* sem hljómar í kvöld.

Tónlistin á Íslandi

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur áður flutt *Luonnotar* með finnsku söngkonunni Soile Isokoski, í Háskólabíói og á tónleikum í Turku og Stokkhólmi síðla árs 1990 undir stjórn Petris Sakari. Þá má geta þess að Vladimir Ashkenazy stjórnaði *Luonnotar* á merkur tónleikum með hljómsveitinni Filharmóníu í Royal Festival Hall Lundúnum í febrúar 1985, þar sem Elisabeth Söderström söng einsöng. Þeir tónleikar voru haldnir til styrktar byggingu tónlistarhúss í Reykjavík, en ári fyrr hafði Filharmónía verið fyrsta breska sinfóníuhljómsveitin til að leika héraendis, á tvennum tónleikum í Laugardalshöll. Meðal gesta á tónleikunum árið 1985 voru frú Vigdís Finnbogadóttir, Charles prins af Wales og lafði Díana og gaf hljómsveitin allt fé sem safnaðist til byggingar tónlistarhúss á Íslandi.

Luonnotar varð til sumarið 1913 og frumflutt í Gloucester á Englandi skömmu síðar. Verkið er eins konar blanda af tónaljóði, sönglagi og leikrænu óperuatriði, og er byggt á sköpunarsögu úr *Kalevala*. *Luonnotar* er eins konar frumandi sem stígur niður úr geimnum og á stóran þátt í því að himnarnir og jörðin verða til. Duggönd býr sér hreiður á hné hennar og verpir sjö eggjum, sem síðan verða alheimurinn; skelin er festing himnanna, eggjarauðan er sólin og eggjahvítan máninn. Tónlist Sibeliusar einkennist af dulúð og einmanaleika, er áhrifamikil lýsing á því þegar heimurinn er í þann veginn á sig mynd.

Sibelius samdi verkið fyrir eina kunnustu sópransöngkonu Finnlands, Aino Ackté, sem hafði öðlast frægð fyrir túlkun sína á titilhlutverkinu í óperu Richards Strauss, *Salome*. Sagt er að henni hafi verið um og ó þegar hún fékk nóturnar í hendur enda gerir Sibelius miklar kröfur til einsöngvarans. Raddsviðið spannar rúmar tvær áttundir, Sibelius skrifar stökk frá djúpum tónum upp á háa og til baka aftur, auk þess sem hann biður um einkar háan og langan tón sunginn *pianissimo* – nokkuð sem ekki er á allra færi.

Jean Sibelius

Sinfónía nr. 5



Jean Sibelius (1865–1957) hóf að semja fimmtu sinfóníu sína að lokinni vel lukkaðri tónleikaferð um Bandaríkin í júní 1914. Mánuði síðar skall ógæfan yfir þegar styrjöld hófst á meginlandi Evrópu. Stríðið hafði bein fjárhagsleg áhrif á tónskáldið; þýskt nótnaforlag átti útgáfurétt að verkum Sibeliusar og því hlaut hann engin höfundarlaun fyrr en samið hafði verið um frið. Um 1914 tók Sibelius einnig að skoða stöðu sína sem tónskáld í nýju ljósi. Hann hafði um hríð verið framarlega í hópi módernista en þegar hann heyrði nýjustu verk Schönbergs í Berlín fann hann að hann og framúrstefnan áttu ekki lengur samleið.

Vera má að þessi endurskoðun Sibeliusar á eigin tónsmíðastefnu hafi átt sinn þátt í því að smíði sinfóníunnar tók langan tíma. Í september 1914 skrifaði hann: „Ég er enn staddur í djúpum dal. En jafnvel í myrkrinu sé ég glitta í fjallið sem ég mun klífa. Guð lykur upp dyrum sínum um stundarsakir og ég heyrri hljómsveit hans leika fimmtu sinfóníuna“. Innblásturinn tók á sig ýmsar myndir. Í lok apríl 1915 ritaði Sibelius í dagbók sína: „Skömmu fyrir klukkan 11 sá ég sextán svani á flugi. Ein stórfenglegasta upplifun ævi minnar. Drottinn minn, hvílík fegurð; þeir hringsóluðu yfir mér um langa hríð. Hljóð þeirra voru í ætt við hljóm tréblásturshljóðfæra. Leynardómur náttúrunnar og depurð lífsins! Lokastef fimmtu sinfóníunnar!“ Frá og með þessum degi hefur eitt eftirminnilegasta stef sinfóníunnar – hornstefið mikilfenglega sem hljómar í lokaþættinum – ævinlega verið tengt svanafluginu sem Sibelius sá þennan dag.

Í júní 1915 var sinfónían enn ekki nema röð af stefjum sem átti eftir að velja úr og raða saman. Það rak Sibelius til að ljúka verkinu að hátíð hafði verið skipulögð í tilefni af fimmtugsafmæli hans 8. desember 1915. Eftir þriggja mánaða þrotlausa vinnu var sinfónían fullgerð í nóvember og frumflutt í sal Háskólans í Helsinki undir stjórn tónskáldsins. Sinfóníunni var vel tekið en Sibelius var ekki fyllilega ánægður og endurskoðaði verkið tvívegis.

Tónlistin á Íslandi

Sí hefur níu sinnum áður flutt fimmtu sinfóníu Sibeliusar á tónleikum.

Stjórnendur voru þeir Páll P. Pálsson (1969 og 1986), Uri Segal (1970), Karsten Andersen (1972), Hafliði Hallgrímsson (1987), Petri Sakari (1997), Rumon Gamba (2003), Petri Sakari (2008) og Ilan Volkov (2014).

 @Sibelius150

Í endanlegri gerð er símfónían í þremur köflum. Sá fyrsti hefst á veikum, rísandi hornablæstri við pákunið; brátt bætast við flautur og óbó. Seinna aðalstef fyrsta þáttar er einnig leikið af blásurum, ólíkt hinu fyrsta stefnir það niður á við en ekki upp. Í úrvinnslu tónskáldsins taka þessi meginstef stöðugum breytingum. Fyrr en varir hefur Sibelius breytt ljúfu upphafsstefinu í léttan og fjaðrandi dans; þótt yfirbragð þeirra sé ólíkt er efniviðurinn hinn sami.

Annar þáttur virðist einfaldur en þegar betur er að gáð leynist ólga undir kyrrlátu yfirborðinu. Þegar nokkuð er liðið á kaflann heyrst stef í kontrabössum, undirleikur við tilbrigðin sem önnur hljóðfæri hljómsveitarinnar leika. Það lætur lítið yfir sér í fyrstu, en hér er komið stefið sem síðar verður aðaluppistaða lokaþáttarins – svanasöngurinn. Lokaþátturinn hefst á iðandi strengjalínunum sem flöggra um víðan völl. Þær staðnæmast ekki fyrr en hornin taka að leika svanasönginn, breiða og kraftmikla hendingu. Ekki er þó öllu lokið enn. Hraði kaflinn snýr aftur og um skeið virðist óvíst hvort stefið eigi afturkvæmt. Að loknum stuttum millikafla heyrst það enn á ný, ofurveikt en vaxandi í styrk. Þetta verður hápunkturinn sem verkið allt hefur stefnt að – sterkir og völdugir tónar bláasaranna eru umvafðir þykkum strengjahljómi. Hljómsveit himnaríkis hefur lokið leik sínum, en endurómur stefjanna býr með hlustandanum lengi enn.

Árni Heimir Ingólfsson

Luonnotar

Olipa impi, ilman tyttö,
Kave Luonnotar korea,
Ouostui elämätään,
Aina yksin ollessansa,
Avaroilla autioilla.

Laskeusi lainehille,
Aalto impeä ajeli,
Vuotta seitsemän sataa,
Vieri impi veen emona,
Uipi luotehet, etelät,
Uipi kaikki ilman rannat.

Tuli suuri tuulen puuska,
Meren kuohuille kohotti.
„Voi, poloinen, päiviäni!
Parempi olisi ollut
Ilman impenä elää.
Oi, Ukko, ylijumala!
Käy tänne kutsuttaissa.“

Tuli sotka, suora lintu,
Lenti kaikki ilman rannat,
Lenti luotehet, etelät,
Ei löyä pesän sioa.
Ei! Ei! Ei!

„Teenkö tuulehen tupani,
Aalloillen asuinsiani,
Tuuli kaatavi,
Aalto viepi asuinsiani!“

Niin silloin veen emonen,
Nosti polvea lainehesta.
Siihen sorsa laativi pesänsä,
Alkoi hautoa.
Impi tuntevi tulistuvaksi.
Järkytti jäsenehensä.
Pesä vierähti vetehen,
Katkieli kappaleiksi.

Muuttuivat munat kaunoisiksi:
Munasen yläinen puoli
Yläiseksi taivahaksi,
Yläpuoli valkeaista,
Kuuksi kumottamahan,
Mi kirjavaista,
Tähiksi taivaalle,
Ne tähiksi taivaalle.

*Jean Sibelius setti saman upp úr fyrstu kvíðu í „Kalevala“,
finnskum þjóðkvæðum í búngingi eftir Elias Lönnrot*

Náttúrugyðjan

Hrein mey var hún, vindsins dóttir,
náttúrugyðjan, grönn og fögur,
undarleg var ævi hennar,
þurfti ávallt ein að vera,
einsömul í auðn og tómi.

Sveif hún niðrá sjávaröldu,
meyna bar svo báran víða,
sjöfundruð hún synti árin,
velktist meyjan, vatnamóðir,
fyrst norðvestur, svo í suður,
svo um allar loftsins strendur.

Kom þá svæsinn sviptivindur,
sjávarlöðri upp hann þeytti.
„Æi, mínir aumu dagar!
Betri hefði auðnan orðið
líðri eg enn sem loftsins dóttir.
Kom þú, Úkkó, æðstur guða!
Kom þú er ég kalla á þig.“

Kom þá duggönd, fleygust fugla,
flaug um allar loftsins strendur,
flaug norðvestur, flaug í suður,
fann þó ekkert hreiðurstaði.
Nei! Nei! Nei!

„Skal ég byggja bú í vindi,
dvalarstað á úfnum öldum?
Vindur niður hrindir honum,
aldan síðan ber hann burtu!“

Þá það varð að vatnsins móðir
annað hné sitt hóf úr öldum.
Öndin hér sitt hreiður gerði,
tók að unga út eggjum sínum.
Meyjan varð þá vör við hita,
að sér kippti útlimunum.
Hreiðrið valt í vatnið niður,
brotnaði í brotahrúgu.

Eggin breyttust, urðu fögur:
Efri hluti eggjaskurnar
varð að efsta himinhveli,
efri hluti eggjahvítu
breytti sér í bjartan mána,
örðurnar af ýmsum litum
stjórnur urðu uppi á himni,
urðu að háum himinstjörnum.

Reynir Axelsson þýddi

Hljómsveit á tónleikum

1. október 2015

1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Sif Margrét Tulinius
Zbigniew Dubik
Mark Reedman
Hildigunnur Halldórsdóttir
Pascal La Rosa
Martin Frewer
Olga Björk Ólafsdóttir
Andrzej Kleina
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Pálína Árnadóttir
Laufey Sigurðardóttir
Ágústa María Jónsdóttir
Lin Wei

2. FIÐLA

Roland Hartwell
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Christian Diethard
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Greta Guðnadóttir
Kristín B. Ragnarsdóttir
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir
Þórdís Stross
Kristján Matthíasson

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Kathryn Harrison
Sarah Buckley
Guðrún Hrund Harðardóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Móeiður Sigurðardóttir

SELLÓ

Hrafnkell Orri Egilsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Júlija Mogensen
Bryndís Björgvinsdóttir
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Margrét Árnadóttir
Lovísa Fjeldsted
Ólöf Sigursveinsdóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Michael Kaulartz
Brjánn Ingason

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Þorkell Jólsson
Lilja Valdimarsdóttir

TROMPET

Einar Jónsson
Ásgeir Steingrímsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Katie Buckley
Elísabet Waage

PÁKUR

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink

Arna Kristín Einarsdóttir framkvæmdastjóri
Árni Heimir Ingólfsson listrænn ráðgjafi
Margrét Sigurðsson fjármálafulltrúi
Grímur Grímsson sviðsstjóri

Anna Sigurbjörnsdóttir tónleikastjóri
Hjördis Ástráðsdóttir fræðslustjóri
Kristbjörg Clausen nótna- og skjalavörður
Sigþór J. Guðmundsson sviðsstjóri

Margrét Ragnarsdóttir markaðs- og kynningarstjóri
Greipur Gíslason verkefnastjóri
Una Eypórsdóttir mannauðsstjóri
Jökull Torfason umsjónarmaður nótna



Síminn

Njóttu Sinfóníunnar heima með Sjónvarpi Símans

siminn.is/sinfonian

Síminn sendir beint frá tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands tvisvar í mánuði í allan vetur

Strengir titra, raddbönd þenjast og fínustu blæbrigði berast heim í stofu með fyrsta flokks útsendingu í Sjónvarpi Símans.

Núna býðst þér að vera með áskrift að tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Njóttu Sinfóníunnar í nærmynd fyrir 2.900 kr. á mánuði í Sjónvarpi Símans.

Pantaðu áskrift í síma 800 7000.